



Skattbyrði launafólks 1998 – 2016

Hagdeild ASÍ
ágúst 2017



Efnisyfirlit

Skattkerfið	4
Tekjuskattur og útsvar	5
Vaxtabætur	7
Húsaleigubætur	10
Húsnæðisbætur	11
Barnabætur.....	11
Þróun á skattbyrði launafólks á Íslandi á árunum 1998-2016	13
Tekjuskattur, útsvar og persónuafsláttur	13
Húsnæðisstuðningur.....	14
Barnafjölskyldur.....	15
Launafólk á leigumarkaði.....	18
Samantekt og niðurstöður	20
Yfirlit yfir heildarskattbyrði árin 1998 og 2016	27



Kjör launafólks ráðast einkum af launum og samspili þeirra við skatta og tekjutilfærslur vaxta- og barnabóta. Hlutverk skattkerfisins er tvíþætt, að afla ríki og sveitarfélögum tekna til sameiginlegra verkefna og að jafna tekjur í samfélaginu með mismunandi skattbyrði milli tekjuhópa. Í umræðum um skattastefnu er áherslan gjarnan á tekjuskatt, fjölda skattþrepa, skattprósentu í hverju þrepi fyrir sig og fjárhæðir persónuafsláttar. Minna fer þó fyrir umræðu um fyrirkomulag bótakerfanna þó að áhrif þeirra á ráðstöfunartekjur launafólks séu síst minni, eins og sjá má af niðurstöðum skýrslunnar.

Í þessari skýrslu hagdeildar ASÍ verður uppbyggingu tekjuskattkerfisins gerð skil og þróun þess síðustu tvo áratugi. Á grundvelli launagagna frá Hagstofu Íslands verður samspil launa, skatta og tilfærslna greint til að sýna þróun skattbyrði launafólks eftir tekjuhópum og fjölskyldugerð.

Helstu niðurstöður eru þær að skattbyrði hefur aukist í öllum tekjuhópum á tímabilinu frá 1998-2016 og mest hjá þeim tekjulægstu. Meginástæðurnar eru eftirfarandi: Persónuafsláttur hefur ekki fylgt launaþróun sem hefur aukið skattbyrði lægri launa mest. Stuðningur vaxtabótakerfisins hefur minnkað verulega vegna þess að bótafjárhæðir og skerðingarmörk hafa ekki hækkað í takt við laun og fasteignaverð og það sama á við um stuðning við leigjendur. Íslenska barnabótakerfið er veikt og dregur eingöngu úr skattbyrði einstæðra foreldra og allra tekjulægstu para. Á tímabilinu hefur barnabótakerfið veikst enn frekar því bótafjárhæðir hafa rýrnað að raungildi og tekjuskerðingar aukist. Saman tekið hefur því dregið úr tekjujöfnunarhlutverki skattkerfisins.



Skattkerfið

Hér á eftir verður uppbyggingu tekjuskattkerfisins lýst í máli og myndum. Fjallað verður um samspil skatthlutfalla og persónuafsláttar, uppbyggingu vaxta- og barnabótakerfanna, virkni þeirra og umfang. Auk þess er farið yfir helstu þætti sem hafa áhrif á þróun kerfisins á tímabilinu. Þá verða húsaleigubótakerfinu gerð stuttlega skil.

Tafla 1: Lykiltölur 1998 - 2017

	1998	2001	2004	2007	2010	2013	2016	2017
Lágþrep	39,02%	38,76%	38,58%	35,72%	37,22%	37,32%	37,13%	36,94%
Miðþrep	/	/	/	/	40,12%	40,22%	38,35%	/
Efsta þrep ¹	46,02%	46,02%	42,58%	/	46,12%	46,22%	46,25%	46,24%
Vísitala launa ²	100	124	147	187	221	268	339	/
Vísitala neysluverðs ²	100	116	128	149	198	225	237	/
Lágmarkstekjutrygging	70.000	85.000	100.000	125.000	165.000	204.000	260.000	/
Neðri fjórðungsmörk	129.000	171.000	207.000	278.000	308.000	382.000	484.000	/
Miðgildi	171.000	225.000	275.000	358.000	391.000	485.000	611.000	/
Efri fjórðungsmörk	230.000	295.000	355.000	479.000	504.000	632.000	796.000	/
Persónuafsláttur	23.360	25.245	27.496	32.150	44.205	48.485	51.920	/
- að raunvirði ³	100	93	92	92	96	92	94	/
Hámarksbætur barnabóta ⁴	104.997	117.031	126.952	144.116	152.331	167.564	205.834	/
- að raunvirði	100	96	94	92	73	71	83	/
Hámarksbætur vaxtabóta ⁵	238.840	258.459	280.372	297.194	600.000	600.000	600.000	/
- að raunvirði	100	93	92	83	127	112	106	/

¹ Hátekjuskattur var til staðar til ársins 2006 en var ekki reiknaður í staðgreiðslu.

² 1998 = 100

³ M.v. VNV

⁴ M.v. Par m. 1 barn

⁵ M.v. Þör

Stærsti tekjustofn hins opinbera, eða um þriðjungur, eru þeir skattar sem lagðir eru á tekjur og hagnað einstaklinga. Þessu til viðbótar standa einstaklingar undir þriðjungi af tekjum hins opinbera vegna skatta sem lagðir eru á vörur og þjónustu. Með endurdreifingu hluta þessara tekna geta stjórnvöld stutt við ákveðna hópa t.d. með það að markmiði að styðja við barnafjölskyldur, leigjendur eða tekjulága.


Til að draga fram raunveruleg áhrif tekjuskattkerfisins á hag launafólks þarf að skoða áhrif margra ólíkra breyta. Endanleg áhrif skatta ráðast ekki einungis af útsvari og hlutfalli tekjuskatts heldur einnig af upphæð persónuafsláttar. Endanleg áhrif skatt- og tilfærslukerfanna (þ.e. barna, vaxta- og húsnaðisbóta) á ráðstöfunartekjur einstaklinga ráðast af flóknu samspili margra þátta á borð við launaþróun, verðlagsþróun, þróun fasteignaverðs, tekjuskerðingarmörk, eignastöðu auk fjölda barna og hjúskaparstöðu.

Sé ætlunin að skoða þróun skattkerfisins yfir tíma verður nánari skoðun á þessum breytum enn mikilvægari. Þetta skýrist af því að þróun launa, verðlags og bótafjárhæða helst sjaldnast í hendur. Dæmi um slíkt er persónuafsláttur en frá aldamótum hefur hann tæplega þróast í takt við verðlagsþróun og því síður í takt við launaþróun. Afleiðingin er sú að skattbyrði einstaklinga hefur hækkað af völdum minnkandi áhrifa persónuafsláttar. Tilfærslukerfin eru að mörgu leyti flóknari en sömu áhrif birtast þar engu að síður. Ef bótafjárhæðir og skerðingarmörk þróast ekki í takt við verðlag, eignaverð eða þróun launa getur afleiðingin verið sú að bætur dragast saman og stuðningur missir marks.

Tekjuskattur og útsvar

Á Íslandi eru skattar af launum greiddir í staðgreiðslu sem samanstendur af útsvari sveitarfélaganna og tekjuskatti ríkisins. Staðgreiðsla er reiknuð af launatekjum að frádregnu lífeyrissjóðsiðgjaldi, þ.e. skattstofninum, en frá staðgreiðslu er heimilt að draga fastan persónuafslátt sem nemur 52.907 kr. á mánuði árið 2017. Þar sem persónuafsláttur er föst krónutala dregur úr hlutfallslegum áhrifum hans eftir því sem tekjur hækka þannig að meðalskattbyrði fer vaxandi með hækkingu tekjum. Áhrif persónuafsláttar eru því þau að einstaklingar með undir 149.192 kr. í mánaðartekjur greiða í raun engan tekjuskatt þar sem reiknuð staðgreiðsla er sú sama og upphæð persónuafsláttar. Í daglegu máli er talað um þessa fjárhæð sem skattleysismörk. Þótt persónuafsláttur hafi hækkað samfellt frá aldamótum og meira en tvöfaldast að krónutölu hefur raunþróun verið öllu sveiflukenndari. Að raunvirði dróst persónuafsláttur saman á árunum 1998-2016. Skattleysismörkin hafa því lækkað að raungildi með árunum miðað við verðlag og væru miklu hærri ef persónuafsláttur hefði fylgt launum, eða um 79.000 kr. á mánuði í stað tæplega 53.000 kr. eins og sjá má á mynd 1.

Mynd 1: Þróun persónuafsláttar




Heimild: RSK, útreikningar ASÍ.

Til viðbótar við persónuafslátt er uppbygging tekjuskatts þrepaskipt, þannig að með vaxandi tekjum eykst ekki eingöngu skattbyrði út af minni áhrifum persónuafsláttar heldur hækkar einnig sjálft tekjuskattshlutfallið af þeim tekjum sem eru fyrir ofan hvert þrep. Í núverandi kerfi eru skattþrepin tvö, 36,94% reiknast af tekjum undir 834.707 kr. og 46,24% af tekjum yfir þeirri fjárhæð. Frá aldamótum hafa skattþrep ýmist verið eitt, tvö eða þrjú. Í staðgreiðslu var eitt þrep á árunum 1998 – 2009. Hins vegar var til staðar hátekjuskattur sem lagðist á við álagningu en sá skattur var afnuminn árið 2006. Þrepum var fjölgað í þrjú á árunum 2010 – 2016 og fækkað aftur í tvö þrep árið 2017. Víðast hvar eru tekjuskattar þrepaskiptir, en í nágrannalöndunum má bæði sjá dæmi um tvö skattþrep (t.d. Danmörk) og þrjú skattþrep (t.d. Svíþjóð). Einn af kostum þess að hafa þrepaskipt skattkerfi er sá að stjórnvöld geta aukið skatttekjur án þess að hækka skattbyrði hinna tekjulágu. Þetta var ein af þeim áskorunum sem mætti stjórnvöldum við efnahagshrunið þegar afla þurfti ríkinu aukinna tekna. Við eitt skattþrep



hefði aukin tekjuöflun hækkað skattbyrði allra en með þrepaskiptu kerfi er hægt að tryggja að byrðarnar leggist af meiri þunga á hina tekjuhærra eins og sjá má á mynd 2.


Mynd 2: Jaðarskattar við ólíka þrepaskiptingu



Heimild: RSK, útreikningar ASÍ

Mynd 3 sýnir að skattbyrðin fer vaxandi með hækkingu launum vegna samspils persónuafsláttar og skatthlutfalls. Gráa línun á myndinni sýnir áhrif herra skattþrepsins á skattbyrði launa umfram 834.000 kr. á mánuði.

Mynd 3: Meðalstaðgreiðsla árið 2017




Heimild: RSK, útreikningar ASÍ

Vaxtabætur

Vaxtabætur eru hluti af tekjuskattskerfinu á Íslandi og greiðast vegna vaxtagjalda af húsnæðislánnum. Bæturnar eru eign- og tekjutengdar, geta aldrei numið hærri fjárhæð en 7% af eftirstöðvum skulda og eru að hámarki en 400.000 – 600.000 krónur á ári eftir því hvort framteljandi er einhleypur, einstætt foreldri eða samskattaður með maka. Hámarksfjárhæð vaxtagjalda og skerðingarmörk vegna eignar eru einnig mismunandi eftir fjölskyldugerð en skerðingarhlutfall vegna tekna er það sama hjá öllum. Hjá hjónum og sambúðarfólki eru vaxtabætur greiddar óháð því hvort þau séu með börn á framfæri. Einstæðir foreldrar fá aftur á móti hærri vaxtabætur heldur en einhleypir einstaklingar en eignaskerðingarmörkin eru þau sömu óháð því hvort börn séu á heimilinu eður ei.

Mynd 4: Tekjuskurðing vaxtabóta

Engin eign í húsnæði




Heimild: RSK, útreikningar ASÍ

Tekjur heimilis á mánuði

Til að skilja betur áhrif tekju- og eignaskerðinga á greiddar vaxtabætur er best að skoða dæmi. Gefum okkur þar sem á íbúð og til einföldunar er íbúðin að fullu skuldsett þannig að eignaskerðing er engin. Líkt og sjá má á mynd 4 mun parið eiga rétt á hámarksvaxtabótum í upphafi þegar tekjur eru lágar. Þegar sameiginlegar tekjur eru orðnar tæplega 600 þús. kr. á mánuði byrja vaxtabæturnar hinsvegar að skerðast og nemur skerðingin 8,5% af tekjum. Líkt og sést myndinni fara vaxtabætur því hratt lækkandi þar til sameiginlegar tekjur þarsins ná 1,2 milljónum króna á mánuði. Hjá tveimur einstaklingum sem hafa tekjur sem nema miðgildi launa eru því vaxtabætur að fullu skertar þótt eign í fasteign sé engin. Tekjur skerða vaxtabætur einhleypura og einstæðra foreldra með sama hætti þótt bæturnar séu lægri hjá einhleypum.

Mynd 5: Eignaskerðing vaxtabóta

Tekjur við neðri fjórðungsmörk og 100 fm eign




Heimild: RSK, Þjóðskrá, Hagstofan og útreikningar ASÍ

Eignaskerðingarmörk vaxtabóta eru ólík hjá pörum og einhleypum. Þannig hefst eignaskerðing við eign upp á 4,5 milljónir hjá einhleypum og 7,3 milljónir hjá pörum. Bætur falla niður sé eignin orðin meiri en 7,2 milljónir kr. hjá einhleypum en 11,7 milljónir kr. hjá pörum. Á mynd 5 má sjá dæmi um bæði pör og einstæða foreldra við neðri fjórðungsmörk launa sem eiga 100 fm. eign. Einstæða foreldrið á rétt á fullum vaxtabótum, um 42.000 kr. á mánuði, sé eignarhluti í íbúð ekki meiri en 10%. Sé eignarhluti orðinn meiri en 10% hefst skerðingin og við 20% eignarhlut eru vaxtabætur einstæðra að mestu fallnar niður. Sökum tekjuskurðingar mun parið ekki eiga rétt á hámarksbótum en niðurstaðan er engu að síður svipuð. Hröð eignaskerðing gerir það að verkum að vaxtabæturnar eru að mestu skertar við 30% eignarhlut þótt sameiginlegar tekjur parsins séu eingöngu um 950.000 kr. á mánuði og við 35% eignarhlut eru þær að fullu skertar óháð tekjum.

Mynd 6: Eignaskerðing vaxtabóta

Tekjur við miðgildi launa og 100 fm eign




Heimild: RSK, Þjóðskrá, Hagstofan og útreikningar ASÍ

Á mynd 6 sést hvernig bæði tekju- og eignaskerðingar geta haft áhrif. Líkt og í síðasta dæmi er skoðuð eignaskerðing einstæðra foreldra og para, nema nú er gert ráð fyrir því að einstaklingarnir hafi tekjur við miðgildi launa. Einstætt foreldri mun í þessu tilfalli byrja með nær fullar vaxtabætur þar sem tekjuskerðingin er óveruleg. Við 15% eignarhlut byrja vaxtabætur að skerðast og við einungis 20% eignarhlut eru vaxtabætur einstæðra nær engar. Ef um er að ræða pör við miðgildi launa eru vaxtabæturnar þegar að fullu skertar sökum tekna og skiptir því ekki máli hver eignarhluturinn er, þau eiga ekki rétt á vaxtabótum nái sameiginlegar tekjur 1,2 milljónum kr. á mánuði. Frá árinu 1998 hefur vaxtabótakerfið sjálft í eðli sínu lítið breyst. Einstaka þættir þess hafa hins vegar tekið breytingum sem hafa haft veruleg áhrif á virkni þess.

Hámarksfjárhæðir bótanna og þeirra vaxtagjalda sem mega koma til útreiknings bótanna hækkuðu reglulega en eftir að hafa hækkað verulega vegna tekjuársins 2010 þá hafa fjárhæðir að mestu staðið í stað. Þá hefur skerðingarhlutfall vegna tekna hækkað á tímabilinu 1998 til 2016. Skerðingarmörk vegna eigna hækkuðu umtalsvert um miðbik tímabilsins en voru svo lækkuð verulega vegna tekjuársins 2010 og hafa frá þeim tíma ekki haldist í hendur við hækkun fasteignamats. Þessar breytingar hafa leitt til þess að hlutfall þeirra sem skulda húsnæðislán og fá vaxtabætur hefur lækkað gríðarlega á árunum 1998 til 2016.

Mynd 7: Hlutfall fjölskyldna með húsnæðislán sem fá vaxtabætur



Mynd 7 sýnir hlutfall þeirra sem fengu vaxtabætur á árunum 1998-2016. Árið 1998 fengu um 62% einhleypira sem skulda vegna íbúðarhúsnæðis vaxtabætur og um 47% para. Þeim fækkaði svo hlutfallslega fram til ársins 2005 en fjölgaði síðan aftur til ársins 2009. Frá þeim tíma hefur þeim sem áttu rétt á bótunum fækkað aftur hlutfallslega og árið 2016 áttu einungis um 28% einhleypira rétt á bótunum og um 18% para.

Húsaleigubætur

Markmið húsaleigubóta var „að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum.“¹ Húsaleigubætur voru fjármagnaðar af sveitarfélögum og ríkinu í gegnum jöfnunarsjóð og voru ekki hluti af tekjuskattskerfinu. Húsaleigubætur tóku mið af tekjum og fjölda barna og vógu þessir viðmiðunarpættir langþingst í útreikningi bótanna. Húsaleigubætur skiptust í grunnbætur, viðbót vegna leigufjárhæðar, bætur með einu barni, tveimur og þremur börnum. Einnig var litið til eignastöðu. Ef hrein eign leigjenda var umfram sjö milljónir króna leiddi það til skerðingar bótanna.

Bótafjárhæðir og tekjuskerðingarmörk húsaleigubóta voru þau sömu fyrir einstaklinga og pör. Því voru það fyrst og fremst einhleypir og einstæðir foreldrar sem áttu rétt á bótunum auk lífeyrisþega en tekjur frá almannatryggingum komu ekki til skerðingar bótunum. Frá árinu 1998 hækkuðu húsaleigubætur árlega fram til ársins 2001 en stóðu svo í stað til 2007. Þær voru hækkaðar 2008, en síðan ekki aftur fyrir en árið 2013 þar sem þær stóðu óbreyttar þar til nýtt kerfi húsnæðisbóta tók gildi 1. janúar 2017. Rétt eins og bótafjárhæðirnar hækkuðu tekjuskerðingarmörkin reglulega fyrstu ár tímabilsins en voru svo óbreytt árin 2001 til 2012. Tekjumörkin hækkuðu bæði árin 2012 og 2013 en héldust svo óbreytt til 2016. Árstekjur umfram mörkin skertu bæturnar um 1% fram til ársins 2013 en frá þeim tíma um 0,67%.

¹ Lög um húsaleigubætur nr. 138/1997.



Húsnæðisbætur

Nýtt kerfi húsnæðisbóta tók við af húsaleigubótum 1. janúar 2017. Við útreikning þeirra er tekið mið af fjölda heimilismanna, leigufjárhæð og öllum tekjum og hreinni eign heimilismanna sem eru 18 ára og eldri. Helsta breytingin felst í því að grunnfjárhæð húsnæðisbóta hækkar eftir því sem fleiri eru í heimili óháð aldri, þ.e. grunnfjárhæðirnar taka ekki bara tillit til fjölda barna heldur allra heimilismanna. Frítekjumörkin hækka líka eftir því sem fleiri eru í heimili og allar tekjur heimilismanna sem eru 18 ára og eldri eru grundvöllur útreiknings bótanna, líka elli- og örorkulífeyrisgreiðslur almannatrygginga. Skerðing vegna eigna er óháð fjölda heimilismanna en samanlögð hrein eign, allra á heimilinu yfir 18 ára aldri, umfram ákveðin mörk kemur til skerðingar bótunum.


Barnabætur

Barnabætur eru hluti af tekjuskattskerfinu á Íslandi og greiðast með börnum upp að 18 ára aldri. Ólíkt því sem þekkt á Norðurlöndunum eru barnabætur héraðs tekjutengdar að fullu. Þar að auki voru þær eignatengdar allt til aldamóta. Barnabætur taka mið af bæði fjölda barna og hjúskaparstöðu foreldra. Þannig aukast greiðslur með auknum fjölda barna ásamt því að einstæðir foreldrar eiga rétt á hærri barnabótum en hjón. Hámarksbarnabætur para nema um 60% af bótum einstæðra foreldra með fyrsta barni og um 70% vegna barna umfram eitt. Hins vegar eru frítekjumörk hjóna tvöfalt hærri en einstæðra foreldra. Tekjuskerðingarhlutföll hjóna og einstæðra foreldra eru þau sömu en hafa verið mjög breytileg frá aldamótum.

Á tímabilinu 1998 til 2016 hækkuðu barnabætur árlega að mestu fram til tekjuársins 2008 en frá þeim tíma hafa bæði hámarksbætur og skerðingarmörk tekið litlum breytingum og raungildi bótanna því lækkað smám saman. Þá hafa skerðingarhlutföll af tekjustofni vegna mismunandi fjölda barna tekið breytingum yfir tímabilið. Dregið var úr tekjuskerðingum á fyrri hluta tímabilsins en þær hafa síðan verið auknar aftur síðustu þrjú árin. Bætur vegna barna undir sjö ára aldri hafa hækkað hlutfallslega meira en almennar barnabætur síðustu ár en fram til ársins 2011 voru þær ótekjutengdar en skerðast nú vegna tekna. Frá sama ári hafa vaxtatekjur einnig verið hluti af tekjustofni til skerðingar barnabóta og skerðingarnar því aukist verulega.

Mynd 8: Tekjuskerðing barnabóta

2 börn á heimili, annað undir 7 ára




Heimild: RSK og útreikningar ASÍ

Mynd 8 sýnir hvernig tekjur skerða barnabætur vegna tveggja barna hjá einstæðu foreldri annars vegar og pari hins vegar tekjuárið 2016. Bæturnar falla niður hjá einstæðu foreldri þegar laun ná 1.175.000

kr. á mánuði en hjá hjónum og sambúðarfólki þegar sameiginleg mánaðarlaun þeirra nema 1.075.000 kr. Hvort þeirra er þá með tæplega 540.000 kr. í laun á mánuði en miðgildi launa á Íslandi árið 2016 var um 611.000 kr. á mánuði.

Mynd 9: Hlutfall barnafjölskyldna með barnabætur



Heimild: Sérkeyrsla RSK fyrir ASÍ

Hlutfall barnafjölskyldna sem fær barnabætur lækkaði á tímabilinu 1998 til 2016 eins og mynd 9 sýnir. Hjá einstæðum foreldrum hefur hlutfallið lækkað smám saman yfir tímabilið en breytingarnar hjá pörum eru miklu sveiflukenndari. Samsköttuðum pörum sem fengu barnabætur fjölgaði mikið tekjuárið 2000 þegar eignir hættu að skerða barnabætur og fór hlutfallið hækkandi og var komið í 80% árið 2009. Frá þeim tíma hefur hlutfallið lækkað verulega og nú fá aðeins um 48% barnafjölskyldna samskattaðra para barnabætur. Þessi mynd segir ekkert til um fjárhæðir bótanna en í mörgum tilfellum eru barnabætur ákaflega lágar.

Þróun á skattbyrði launafólks á Íslandi á árunum 1998-2016

Rannsókn hagdeildar ASÍ greinir skattbyrði ólíkra tekjuhópa á tímabilinu 1998 - 2016. Rannsóknin er lagskipt og byrjar á yfirliti um þróun skattbyrði launafólks eftir tekjufjórðungum. Því næst verður vaxtabótum bætt við og áhrif þeirra á skattbyrði sýnd og að lokum er barnabótum bætt í útreikningana til að sýna skattbyrði barnafjölskyldna. Einnig er gerður samanburður á skattbyrði barnafjölskyldna og barnlausra framteljenda. Þó að húsaleigubætur teljist ekki til skattkerfisins er í lok þessa kafla sýnd skattbyrði leigjenda að teknu tilliti til húsaleigubóta til að gefa raunhæfari mynd af þróun tilfærslna til þess ört vaxandi hóps sem býr í leiguhúsnaði. Húsnæðiskostnaður leigjenda er eðlisólíkur kostnaði þeirra sem eiga fasteign en litið er fram hjá því.

Miðað er við heildarlaun fullvinnandi launafólks á almennum vinnumarkaði, við neðri fjórðungsmörk (25%), miðgildi tekna (50%) og efri fjórðungsmörk (75%) samkvæmt launaupplýsingum Hagstofu Íslands (sjá töflu 1), auk þess sem skoðuð er skattbyrði lágmarkslauna fyrir fulla dagvinnu (dagvinnutekjutrygging) á hverjum tíma skv. kjarasamningum. Tekið er tillit til frádráttar á framlagi launamanns í lífeyrissjóð við útreikning á skattstofni. Skattbyrði er skilgreind sem greiddur tekjuskattur og útsvar að frádregnum persónuafslætti og viðbættum barna- og húsnæðisbótum (vaxta- eða húsaleigubótum). Fyrir árin 2011 og 2012 er einnig tekið tillit til sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu. Ekki er gert ráð fyrir öðrum eignum og skuldum en þeim sem tengjast íbúðarhúsnaði til eigin nota.


Skoðuð er skattbyrði einstaklinga, barnlausra para auk einstæðra foreldra og para með tvö börn, þar sem annað barnið eru undir 7 ára aldri og hitt eldra. Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir að fjölskyldur búi í hóflegu húsnæði, einstaklingar og barnlaus pör í 50 fm. íbúð og barnafjölskyldur í 100 fm. íbúð. Skoðuð er skattbyrði fjölskyldna sem með 20% eigið fé í húsnæði og þeirra sem búa í leiguhúsnaði. Fasteignamat er ákvarðað út frá meðalfermetraverði fasteigna í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt Þjóðskrá Íslands.

Tekjuskattur, útsvar og persónuafsláttur

Á mynd 10 má sjá þróun á skattbyrði einstaklinga án tillits til tilfærslna frá barna- og vaxtabótakerfunum. Hér er því eingöngu skoðaður greiddur tekjuskattur og útsvar að teknu tilliti til persónuafsláttar.

Mynd 10: Skattbyrði e. tekjufjórðungum

Án barnabóta og húsnæðisstuðnings



Heimild: RSK, Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, útreikningar ASÍ

Skattbyrðin hefur aukist hjá öllum tekjuhópum á tímabilinu 1998-2016 en umtalsvert meira á lægri tekjur en þær hærri. Skattbyrði lágmarkslauna hefur á þessum mælikvarða aukist úr 4% á árinu 1998 í 16% á árinu 2016 eða um 14 prósentustig. Skattbyrði á laun við neðri fjórðungsmörk hefur á sama tíma aukist um 6 prósentustig en minnst er aukningin við efri fjórðungsmörk launa eða um 3 prósentustig.


Mynd 10 sýnir glögglega að skattbyrði verður að skoða með tilliti til áhrifa persónuafsláttar því þótt skattprósentan lækki, eins og milliskattþrepið hefur gert síðustu ár, eykst skattbyrðin ef persónuafsláttur fylgir ekki launapróun og áhrifin verða þeim mun meiri eftir því sem launin eru lægri.

Húsnæðisstuðningur

Þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa vaxtabóta á skattbyrði launafólks birtist svipuð niðurstaða nema hvað aukning skattbyrði frá árinu 1998 verður enn meiri. Mynd 11 sýnir þróunina hjá einhleypum einstaklingum en þróunin hjá einstæðum foreldrum og þörum er sýnd út frá öðru sjónarhorni á mynd 12. Skattbyrði einstaklinga eykst mest hjá þeim tekjulægstu sem reiða sig jafnframt mest á tekjutilfærsluferfin eða um 16 prósentustig. Við neðri fjórðungsmörk launa eykst hún um 9 prósentustig og 6 prósentustig við miðgildi launa. Skattbyrði allra tekjuhópanna hefur því aukist á tímabilinu vegna raunrýrnunar vaxtabóta, líka þeirra sem hæst hafa launin. Áhrifin skýrast af samspili tekna, eigna og fjölskyldugerðar en þróun þessara þátta vaxtabótakerfisins hefur leitt til þess að vægi húsnæðisstuðnings við launafólk hefur minnkað verulega á tímabilinu 1998-2016. Skerðingar vegna tekna hafa aukist og, það sem mestu máli skiptir, eignaskerðingarmörk í vaxtabótakerfinu hafa ekki haldið í við hækkun fasteignaverðs. Þetta þýðir að jafnvel heimili með lágmarks eigið fé (20%) í íbúðarhúsnæði sínu fá nú flest engar eða mjög lágur vaxtabætur, óháð tekjum.

Mynd 11: Skattbyrði einstaklinga - 20% eigið fé í húsnæði

Með vaxtabótum




Heimild: RSK, Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, útreikningar ASÍ

Þáttur vaxtabóta í að auðvelda fólki framfærslu hefur minnkað verulega. Þetta sést glögglega á mynd 12 sem sýnir hlutfall vaxtabóta af launum para og einstæðra foreldra við neðri fjórðungsmörk með lítið eigið fé í hóflegu húsnæði.

Mynd 12: Vaxtabætur sem hlutfall af launum

Neðri fjórðungsmörk launa - 100 fm íbúð - 20% eigið fé í húsnæði



Heimild: RSK, Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, útreikningar ASÍ

Hlutfallið hefur lækkað um 6 prósentustig hjá pörum í þessum hópi launafólks en heil 12 prósentustig hjá einstæðum foreldrum og fær þessi hópur nú engar vaxtabætur. Verri staða einstæðra foreldra miðað við pörin skýrist ekki síst af því að eignaskerðingarmörkin eru miklu lægri fyrir fyrrnefnda hópin og því hefur hækkun fasteignaverðs bitnað harðar á framfærslu þeirra.

Myndin sýnir einnig greinilega áhrif sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu² sem greidd var út vegna tekjuáranna 2010 og 2011.

Þegar rýnt er í þróun vaxtabótakerfisins frá aldamótum blasir við að dregið hefur úr stuðningnum og fækkað í þeim hópi sem bæturnar ná til. Bótafjárhæðir og skerðingarmörk hafa ekki hækkað í takt við laun og fasteignaverð sem leitt hefur til þess að vaxtabætur styðja nú einungis við þá allra tekjulægstu eða einstaklinga í afar smáum eignum.


Barnafjölskyldur

Á myndum 13 og 14 er þróun skattbyrði barnafjölskyldna eftir tekjufjórðungum sýnd að teknu tilliti til bæði vaxta- og barnabóta. Mynd 13 sýnir þróunina hjá einstæðum foreldrum. Aukningin á skattbyrði er gríðarleg þegar búið er að taka tillit til allra þátta skattkerfisins á einstæða foreldra í eigin húsnæði og skattbyrðin eykst því meira sem tekjurnar eru lægri. Skattbyrði hjá þeim tekjulægstu hefur aukist um heil 52 prósentustig, um 28 prósentustig við neðri fjórðungsmörk og um 20 og 14 prósentustig hjá launafólk við miðgildi launa og efri fjórðungsmörk.

² Sérstaka vaxtaniðurgreiðslan var greidd út árin 2010 og 2012 til að mæta auknum húsnæðiskostnaði vegna hækkunar höfuðstóls fasteignalána í kjölfar efnahagshrunsins. Hún tók mið af eftirstöðvum fasteignaskulda í árslok 2010 og kom til viðbótar hefðbundnum vaxtabótum. Niðurgreiðslan gat numið allt að 0,6% af skuldum vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota og gat hæst orðið 200.000 kr. hjá einhleypum og 300.000 kr. hjá samsköttuðum og einstæðum foreldrum hvort ár.

Mynd 13: Skattbyrði einstæðra foreldra m. tvö börn - 20% eigið fé

Með vaxta- og barnabótum




Heimild: RSK, Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, útreikningar ASÍ

Á mynd 14 sést að þróunin hjá þörum með börn á framfæri er sú sama og hjá einstæðum foreldrum þótt aukningin sé minni hjá þörum. Skattbyrði þeirra tekjulægstu jókst um 21 prósentustig, um 14 prósentustig við neðri fjórðungsmörk og um 10 og 5 prósentustig við miðgildi tekna og efri fjórðungsmörk.

Mynd 14: Skattbyrði para m. tvö börn - 20% eigið fé

Með vaxta- og barnabótum




Heimild: RSK, Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, útreikningar ASÍ



Áhrif barnabótakerfisins til aukinnar skattbyrði má rekja til nokkurra þátta. Bótafjárhæðir hafa hvorki haldið í við þróun launa né verðlags, skerðingarhlutföll vegna tekna hafa aukist síðustu ár og frá og með tekjuárinu 2010 voru allar barnabætur tekjutengdar, líka fyrir 7 ára og yngri.

Mynd 15: Barnabætur sem hlutfall af launum

Neðri fjórðungsmörk launa - tvö börn annað yngri en 7 ára




Heimild: RSK, Hagstofa Íslands, útreikningar ASÍ

Á mynd 15 sést hvernig barnabætur sem hlutfall af launum tekjulágra foreldra, með laun við neðri fjórðungsmörk, hafa lækkað á tímabilinu. Breytingin er mest hjá einstæðum foreldrum en líta verður til þess að hlutfallið var mjög lágt hjá pörum í upphafi tímabilsins og ekki nema um 1% árið 2016. Því má segja að barnabætur séu eingöngu ætlaðar til stuðnings einstæðum foreldrum og allra tekjulægstu pörum. Vegna þessa eru áhrif barnabóta á framfærslu para við neðri fjórðungsmörk launa hverfandi.

Mynd 16: Samanburður á skattbyrði para með og án barna

Tekjur við neðri fjórðungsmörk




Heimild: RSK, Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, útreikningar ASÍ

Þetta kemur skýrt fram á mynd 16 sem sýnir samanburð á skattbyrði para með börn á framfæri við barnlaus pör. Munurinn er nánast enginn hjá pörum við neðri fjórðungsmörk launa og pör með hærri laun fá engar barnabætur. Sá samanburður er sýndur á mynd 17 þar sem fram kemur að pör með börn

við miðgildi launa fá engar skattaávilnanir vegna framfærslu barna þrátt fyrir mun meiri framfærslubyrði en barnlausir.

Mynd 17: Samanburður á skattbyrði para með og án barna

Miðgildi tekna



Heimild: RSK, Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, útreikningar ASÍ


Á tímabilinu 1998-2016 hefur dregið úr skattaávilnunum til barnafólks í lægri tekjuhópnum og skattbyrði þessara barnafjölskyldna hefur því aukist umfram annarra.

Launafólk á leigumarkaði

Stuðningur við leigjendur er ekki hluti af skattkerfinu en leigjendur fá húsaleigubætur (húsnæðisbætur frá og með 1. janúar 2017).

Mynd 18: Skattbyrði einstaklings í leiguhúsnæði

e. tekjufjórðungum



Heimild: RSK, Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, Velferðarráðuneytið, útreikningar ASÍ


Eins og sjá má á mynd 18 hefur skattbyrði einhleypra leigjenda á leigumarkaði aukist á tímabilinu, mest hjá launafólki með lágmarkslaun eða um 18 prósentustig og hjá launafólki við neðri fjórðungsmörk, um 13 prósentustig. Áhrif lækkandi húsnæðisbóta auka því skattbyrði launafólks í leiguhúsnæði. Þetta skýrist af því að húsaleigubótafjárhæðir hafa lækkað að raungildi á tímabilinu 1998-2016 sem og tekjuskurðingarmörkin sem leiðir til aukinnar skattbyrði leigjenda.

Húsaleigubótakerfið hefur fram til þessa ekki stutt við pör á vinnumarkaði. Ef litið er til húsaleigubóta sem hlutfall af launum á mynd 19 sést þetta skýrt.

Pör með laun við neðri fjórðungsmörk hafa ekki fengið húsaleigubætur frá árinu 2003. Einstæðir foreldrar fá enn húsaleigubætur en hlutfall þeirra af launum hefur lækkað um 9 prósentustig, úr 14% í 5%.

Mynd 19: Húsaleigubætur sem hlutfall af launum

Neðri fjórðungsmörk launa - tvö börn á heimili



Heimild: RSK, Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, Velferðarráðuneytið, útreikningar ASÍ

Í janúar 2017 tók við nýtt kerfi húsaleigubóta, húsnæðisbætur. Meginmarkmið nýja kerfisins er að auka húsnæðisstuðning við tekjulægri leigjendur og kerfinu er líka ætlað að styðja betur við láglauna pör á vinnumarkaði. Á mynd 19 er nýja kerfið heimfært á tekjuárið 2016 miðað við þau frítekjumörk húsnæðisbóta sem tóku gildi í desember 2016. Áhrifin af nýja kerfinu eru sýnd með bláum punkti fyrir einstæða foreldra og rauðum punkti fyrir pör. Húsnæðisbæturnar auka hlutfall húsnæðisstuðnings til einstæðra foreldra með tekjur við neðri fjórðungsmörk um 4 prósentustig því húsnæðisstuðningurinn nemur nú 9% af launum. En þegar litið er til paranna er breytingin engin og nýja kerfið nær því ekki markmiði sínu gagnvart þessum hópi láglaunafólks í sambúð á leigumarkaði. Þau fá eftir sem áður engan stuðning vegna húsnæðiskostnaðar.



Samantekt og niðurstöður

Niðurstöður rannsóknar hagdeildar ASÍ eru að heildarskattbyrði launafólks að teknu tillit til tekjuskatts, útsvars og persónuafsláttar auk barna- og vaxtabóta hefur aukist í öllum tekjuhópum á tímabilinu frá 1998-2016. Aukningin er langmest hjá þeim tekjulægstu. Skattbyrði para á lágmarkslaunum með tvö börn og lágmarks eigið fé í húsnæði (20%) hefur í heildina aukist um 21 prósentustig á umræddu tímabili. Skattbyrði hjá pörum í sömu stöðu með laun við neðri fjórðungsmörk hefur aukist um 14 prósentustig en við miðgildi launa er aukningin 9 prósentustig og við efri fjórðungsmörk 5 prósentustig. Skattbyrði einstæðra foreldra í sömu stöðu hefur aukist enn meira á tímabilinu og mest hjá þeim tekjulægstu. Munurinn á skattbyrði tekjulægstu hópanna og þeirra tekjuhærri hefur því minnkað og dregið hefur úr tekjujöfnunarhlutverki skattkerfisins. Kaupmáttaraukning síðustu ára hefur þannig skilað sér síður til launafólks með lægri tekjur en þeirra tekjuhærri vegna vaxandi skattbyrði.


Þessa þróun má einkum rekja til þess að:

- Persónuafsláttur hefur ekki fylgt launaþróun sem hefur aukið skattbyrði lægri launa mest. Samkvæmt lögum eiga fjárhæðarmörk skattþrepa að fylgja launaþróun en skattleysismörk, sem ákvarðast af upphæð persónuafsláttar, að fylgja verðlagi. Þetta misræmi veldur auknum ójöfnuði í ráðstöfunartekjum yfir tíma.
- Stuðningur vaxtabótakerfisins hefur minnkað verulega á tímabilinu og fækkað í þeim hópi sem fær greiddar vaxtabætur.
 - Bótafjárhæðir og skerðingarmörk hafa ekki hækkað í takt við laun og fasteignaverð sem leitt hefur til þess að vaxtabætur styðja nú einungis við þá allra tekjulægstu eða einstaklinga í afar smáum eignum.
 - Tekjulágt barnafólk með lágmarks eigið fé (20%) í húsnæði sínu fær í dag lítinn sem engan stuðning í gegnum vaxtabótakerfið.
- Íslenska barnabótakerfið er veikt og dregur eingöngu úr skattbyrði einstæðra foreldra og allra tekjulægstu para.
 - Á tímabilinu hefur barnabótakerfið veikt enn frekar því bótafjárhæðir hafa rýrnað að raungildi og tekjuskerðingar aukist.
 - Þetta hefur aukið skattbyrði tekjulægra launafólks með börn á framfæri umfram annarra.
 - Pör með börn sem hafa tekjur við neðri fjórðungsmörk fá nánast enga skattaívilnun vegna framfærslu barna og hafa því nánast sömu skattbyrði og þeir sem engin börn hafa á framfæri.
- Húsaleigubótakerfið hefur þróast með sama hætti og önnur tilfærslukerfi og því hefur dregið úr stuðningi við launafólk á leigumarkaði.
 - Húsaleigubætur fylgdu hvorki verðlagi né þróun leiguverðs og því minnkaði stuðningurinn.
 - Nýtt húsnæðisbótakerfi bætir nokkuð hag láglauna einstaklinga og einstæðra foreldra á leigumarkaði en láglauna pör fá eftir sem áður lítinn eða engan stuðning vegna leigukostnaðar.

Hér að neðan eru yfirlitsmyndir sem sýna samandregið áhrif mismunandi þátta skattkerfisins á skattbyrði para með lágmarkslaun, laun við neðri fjórðungsmörk og miðgildi (myndir 20, 21 og 22) og hvernig þeir hafa breyst á tímabilinu frá 1998-2016. Á myndum 23, 24 og 25 eru áhrifin á skattbyrði einstæðra foreldra sýnd.

Mynd 20: Skattbyrði para með tvö börn - 20% eigið fé í húsnæði

Lágmarkslaun



Heimild: RSK, Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, útreikningar ASÍ

Árið 1998 var skattbyrði para með **lágmarkslaun** sem eiga tvö börn og 20% eigið fé í húsnæði, 4% þegar greiddur hafði verið tekjuskattur og útsvar og tekið tillit til persónuafsláttar. Átján árum síðar var skattbyrði þessara í sömu stöðu 16% þegar greiddur hafði verið tekjuskattur og útsvar og tekið tillit til persónuafsláttar. Ljósgráa línan á mynd 20 sýnir vel minnkandi vægi persónuafsláttar sem hefur ekki haldið í við launabróun.

Minnkandi stuðningur í gegnum tilfærslur vaxta- og barnabóta má einnig sjá skýrt í þessu dæmi sem sjá má á bilinu milli ljósgráu og rauðu línunnar á mynd 20.


Árið 1998 lækkuðu vaxtabætur skattbyrði þessa í þessari stöðu um 14 prósentustig og barnabætur um 13 prósentustig til viðbótar. Tilfærslukerfin þ.e. vaxta- og barnabætur, lækkuðu því skattbyrði um samtals 27 prósentustig og heildarskattbyrði þeirra var því **neikvæð um 23%** - þ.e. tilfærslur námu 23% af launum þeirra.

Árið 2016 lækkuðu vaxtabætur skattbyrði þessa í sömu stöðu um 10 prósentustig og barnabætur um 8 prósentustig til viðbótar. Tilfærslukerfin lækkuðu því skattbyrði um samtals 18 prósentustig og heildarskattbyrði þeirra var því **neikvæð um 2%**.

Þegar borin eru saman umrædd tvö ár, 1998 og 2016, sést að **heildarskattbyrði hefur aukist um 21 prósentustig**. Það þýðir að ráðstöfunartekjur fjölskyldna í þessari stöðu eru í dag tæplega 110.000 krónum lægri á mánuði en þær væru ef skattbyrði væri sú sama og árið 1998.

Mynd 21: Skattbyrði para með tvö börn - 20% eigið fé í húsnæði

Tekjur við neðri fjórðungsmörk



Árið 1998 var skattbyrði para með **laun við neðri fjórðungsmörk** sem eiga tvö börn og 20% eigið fé í húsnæði 19% þegar greiddur hafði verið tekjuskattur og útsvar og tekið tillit til persónuafsláttar. Átján árum síðar var skattbyrði pars í sömu stöðu 25% þegar greiddur hafði verið tekjuskattur og útsvar og tekið tillit til persónuafsláttar. Ljósgrá línan á mynd 21 sýnir vel minnkandi vægi persónuafsláttar sem hefur ekki haldið í við launaþróun.

Minnkandi stuðningur í gegnum tilfærslur vaxta- og barnabóta má einnig sjá skýrt í þessu dæmi sem sjá má á bilinu milli ljósgráu og rauðu línunnar á mynd 21.


Árið 1998 lækkuðu vaxtabætur skattbyrði para í þessari stöðu um 7 prósentustig og barnabætur um 4 prósentustig til viðbótar. Tilfærslukerfin þ.e. vaxta- og barnabætur, lækkuðu því skattbyrði um samtals 11 prósentustig og heildarskattbyrði þeirra var því **8%**.

Árið 2016 lækkuðu vaxtabætur skattbyrði para í sömu stöðu um 2 prósentustig og barnabætur um 1 prósentustig til viðbótar. Tilfærslukerfin lækkuðu því skattbyrði um samtals 3 prósentustig og heildarskattbyrði þeirra var því **22%**.

Þegar borin eru saman umrædd tvö ár, 1998 og 2016, sést að **heildarskattbyrði hefur aukist um 14 prósentustig**. Það þýðir að ráðstöfunartekjur fjölskyldna í þessari stöðu eru í dag ríflega 130.000 krónum lægri á mánuði en þær væru ef skattbyrði væri sú sama og árið 1998.

Mynd 22: Skattbyrði para með tvö börn - 20% eigið fé í húsnæði

Miðgildi tekna



Heimild: RSK, Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, útreikningar ASÍ

Árið 1998 var skattbyrði para með laun við **miðgildi launa** sem eiga tvö börn og 20% eigið fé í húsnæði, 24% þegar greiddur hafði verið tekjuskattur og útsvar og tekið tillit til persónuafsláttar. Átján árum síðar var skattbyrði pars í sömu stöðu 28% þegar greiddur hafði verðið tekjuskattur og útsvar og tekið tillit til persónuafsláttar. Ljósgráa línan á mynd 22 sýnir vel minnkandi vægi persónuafsláttar sem hefur ekki haldið í við launaþróun.

Minnkandi stuðningur í gegnum tilfærslur vaxta- og barnabóta má einnig sjá skýrt í þessu dæmi sem sjá má á bilinu milli ljósgráu og rauðu línunnar á mynd 22.


Árið 1998 lækkuðu vaxtabætur skattbyrði para í þessari stöðu um 5 prósentustig og barnabætur um 1 prósentustig til viðbótar. Tilfærslukerfin þ.e. vaxta- og barnabætur, lækkuðu því skattbyrði um samtals 6 prósentustig og heildarskattbyrði þeirra var því **18%**.

Árið 2016 áttu þör í sömu stöðu ekki rétt á vaxta- og barnabótum og þau báru sömu skattbyrði og barnlaus þör þrátt fyrir meiri framfærslubyrði vegna barna. Heildarskattbyrði þeirra var því **28%**.

Þegar borin eru saman umrædd tvö ár, 1998 og 2016, sést að **heildarskattbyrði hefur aukist um 10 prósentustig**. Það þýðir að ráðstöfunartekjur fjölskyldna í þessari stöðu eru í dag ríflega 100.000 krónum lægri á mánuði en þær væru ef skattbyrði væri sú sama og árið 1998.

Mynd 23: Skattbyrði einstæðra foreldra - 20% eigið fé í húsnæði

Lágmarkslaun



Árið 1998 var skattbyrði einstæðra foreldra **lágmarkslaun** sem eiga tvö börn og 20% eigið fé í húsnæði, 4% þegar greiddur hafði verið tekjuskattur og útsvar og tekið tillit til persónuafsláttar. Átján árum síðar var skattbyrði einstaklings í sömu stöðu 16% þegar greiddur hafði verið tekjuskattur og útsvar og tekið tillit til persónuafsláttar. Ljósgrá línan á mynd 23 sýnir vel minnkandi vægi persónuafsláttar sem hefur ekki haldið í við launaþróun.


Minnkandi stuðningur í gegnum tilfærslur vaxta- og barnabóta má einnig sjá skýrt í þessu dæmi sem sjá má á bilinu milli ljósgráu og rauðu línunnar á mynd 23.

Árið 1998 lækkuðu vaxtabætur skattbyrði einstæðra foreldra í þessari stöðu um 22 prósentustig og barnabætur um 44 prósentustig til viðbótar. Tilfærslukerfin þ.e. vaxta- og barnabætur, lækkuðu því skattbyrði um samtals 66 prósentustig og heildarskattbyrði var því **neikvæð um 62%** - þ.e. tilfærslur námu 62% af launum þeirra.

Árið 2016 fengu einstæðir foreldrar í sömu stöðu engar vaxtabætur vegna eignaskerðinga en barnabætur lækkuðu skattbyrðina um 26 prósentustig. Tilfærslukerfin lækkuðu því skattbyrði um samtals 26 prósentustig og heildarskattbyrði þeirra var því **neikvæð um 10%**.

Þegar borin eru saman umrædd tvö ár, 1998 og 2016, sést að **heildarskattbyrði hefur aukist um 52 prósentustig**. Það þýðir að ráðstöfunartekjur einstæðra foreldra í þessari stöðu eru ríflega 130.000 krónum lægri á mánuði en þær væru ef skattbyrði væri sú sama og árið 1998.

Mynd 24: Skattbyrði einstæðra foreldra með tvö börn - 20% eigið fé í húsnæði
Tekjur við neðri fjórðungsmörk



Heimild: RSK, Hagstofa Íslands, Þjóðskrá, útreikningar ASÍ

Árið 1998 var skattbyrði einstæðra foreldra með laun við neðri fjórðungsmörk sem eiga tvö börn og 20% eigið fé í húsnæði, 19% þegar greiddur hafði verið tekjuskattur og útsvar og tekið tillit til persónuafsláttar. Átján árum síðar var skattbyrði einstaklings í sömu stöðu 25% þegar greiddur hafði verðið tekjuskattur og útsvar og tekið tillit til persónuafsláttar. Ljósgrá línan á mynd 24 sýnir vel minnkandi vægi persónuafsláttar sem hefur ekki haldið í við launabróun.


Minnkandi stuðningur í gegnum tilfærslur vaxta- og barnabóta má einnig sjá skýrt í þessu dæmi sem sjá má á bilinu milli ljósgráu og rauðu línunnar á mynd 24.

Árið 1998 lækkuðu vaxtabætur skattbyrði einstæðra foreldra í þessari stöðu um 12 prósentustig og barnabætur um 19 prósentustig til viðbótar. Tilfærslukerfin þ.e. vaxta- og barnabætur, lækkuðu því skattbyrði um samtals 31 prósentustig og heildarskattbyrði var því **neikvæð um 12%** - þ.e. tilfærslur námu 12% af launum þeirra.

Árið 2016 fengu einstæðir foreldrar í sömu stöðu engar vaxtabætur vegna eignaskerðinga en barnabætur lækkuðu skattbyrðina um 9 prósentustig. Tilfærslukerfin lækkuðu því skattbyrði um samtals 9 prósentustig og heildarskattbyrði þeirra var því **16%**.

Þegar borin eru saman umrædd tvö ár, 1998 og 2016, sést að **heildarskattbyrði hefur aukist um 28 prósentustig**. Það þýðir að ráðstöfunartekjur einstæðra foreldra í þessari stöðu eru um 135.000 krónum lægri á mánuði en þær væru ef skattbyrði væri sú sama og árið 1998.

Mynd 25: Skattbyrði einstæðra foreldra með tvö börn - 20% eigið fé í húsnæði
Miðgildi tekna



Árið 1998 var skattbyrði einstæðra foreldra með laun **við miðgildi launa** sem eiga tvö börn og 20% eigið fé í húsnæði, 24% þegar greiddur hafði verið tekjuskattur og útsvar og tekið tillit til persónuafsláttar. Átján árum síðar var skattbyrði einstaklings í sömu stöðu 28% þegar greiddur hafði verið tekjuskattur og útsvar og tekið tillit til persónuafsláttar. Ljósgrá línan á mynd 25 sýnir minnkandi vægi persónuafsláttar sem hefur ekki haldið í við launapróun.

Minnkandi stuðningur í gegnum tilfærslur vaxta- og barnabóta má einnig sjá skýrt í þessu dæmi sem sjá má á bilinu milli ljósgrá og rauðu línunnar á mynd 25.

Árið 1998 lækkuðu vaxtabætur skattbyrði einstæðra foreldra í þessari stöðu um 9 prósentustig og barnabætur um 13 prósentustig til viðbótar. Tilfærslukerfin þ.e. vaxta- og barnabætur, lækkuðu því skattbyrði um samtals 22 prósentustig og heildarskattbyrði var því **2%**.

Árið 2016 fengu einstæðir foreldrar í sömu stöðu engar vaxtabætur vegna eignaskerðinga en barnabætur lækkuðu skattbyrðina um 6 prósentustig. Tilfærslukerfin lækkuðu því skattbyrði um samtals 6 prósentustig og heildarskattbyrði þeirra var því **22%**.

Þegar borin eru saman umrædd tvö ár, 1998 og 2016, sést að **heildarskattbyrði hefur aukist um 20 prósentustig**. Það þýðir að ráðstöfunartekjur einstæðra foreldra í þessari stöðu eru um 120.000 krónum lægri á mánuði en þær væru ef skattbyrði væri sú sama og árið 1998.



Yfirlit yfir heildarskattbyrði³ árin 1998 og 2016

Heildarskattbyrði

Par m. tvö börn - 20% eigið fé í húsnæði

Tekjubil	1998	2016
Lágmarkslaun	-23%	-2%
Neðri fjórðungsmörk	8%	22%
Miðgildi	18%	28%
Efri fjórðungsmörk	25%	30%

Heildarskattbyrði

Par m. tvö börn - leiguhúsnæði

Tekjubil	1998	2016
Lágmarkslaun	-20%	3%
Neðri fjórðungsmörk	16%	24%
Miðgildi	24%	28%
Efri fjórðungsmörk	27%	30%

Heildarskattbyrði

Einstætt foreldri m. tvö börn - 20% eigið fé í húsnæði

Tekjubil	1998	2016
Lágmarkslaun	-62%	-10%
Neðri fjórðungsmörk	-12%	16%
Miðgildi	2%	22%
Efri fjórðungsmörk	13%	27%

Heildarskattbyrði

Einstætt foreldri m. tvö börn - leiguhúsnæði

Tekjubil	1998	2016
Lágmarkslaun	-65%	-26%
Neðri fjórðungsmörk	-14%	11%
Miðgildi	6%	19%
Efri fjórðungsmörk	20%	27%

Heildarskattbyrði

Einstaklingur - 20% eigið fé í húsnæði

Tekjubil	1998	2016
Lágmarkslaun	-13%	3%
Neðri fjórðungsmörk	11%	20%
Miðgildi	19%	25%
Efri fjórðungsmörk	25%	30%

Heildarskattbyrði

Einstaklingur - leiguhúsnæði

Tekjubil	1998	2016
Lágmarkslaun	-10%	8%
Neðri fjórðungsmörk	12%	25%
Miðgildi	23%	28%
Efri fjórðungsmörk	27%	30%

³ Heildarskattbyrði er tekjuskattur og útsvar að frádrögnum persónuafslætti, barnabótum og vaxta- eða hútleigubótum.